

Hvernig getur orkuiðnaður orðið góður kostur fyrir sveitarfélög ?


Haraldur Þór Jónsson, oddviti og sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps



Mikilvægasta orkuvinnslusvæði Íslands er **Þjórsár og Tungnaárvæðið** sem er í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Ásahreppi, Rangárþyngi ytra og Flóahreppi.

Kolefnishlutlaust Ísland árið 2040 mun ekki raungerast nema með verulegum virkjanaframkvæmdum á þessu svæði.

MEGIN FLUTNINGSNET OG VIRKJANIR STÆRRI EN 10MW



NÚVERANDI STAÐA 2023 UPPSETT AFL VIRKJANA

1	Vatnsfell	90 MW
2	Sigalda	150 MW
3	Hrauneyjar	210 MW
4	Búðarháls	95 MW
5	Sultartangi	125 MW
6	Búrfell I og II	370 MW
7	Steingrimsstöð	27 MW
8	Ljósifoss	16 MW
9	Írafoss	48 MW
10	Blanda	165 MW
11	Laxá I, II og III	26 MW
12	Þeistareykir	90 MW
13	Krafla	60 MW
14	Gufustöðin	5 MW
15	Fljótsdalur	690 MW
16	Hellisheiðarvirkjun	303 MW
17	Nesjavallavirkjun	120 MW
18	Reykjavnesvirkjun	100 MW
19	Svartsengi	75 MW
20	Lagarfossvirkjun	27 MW
21	Brúarvirkjun	10 MW
Samtals		2.802 MW

Hvammsvirkjun
Holtavirkjun
Urriðafossvirkjun
Kjalölduveita
Skrokkölduveita
Búrfellslundur

Aflaukning og/eða stækkun:
Sigölduvirkjun
Hrauneyjarfossvirkjun
Vatnsfellsvirkjun
Búðarhálsvirkjun
Búrfell II

**Uppbygging innviða eftir 54 ár í nærumhverfi orkuvinnslu
þar sem 35% af allri raforku sem Landsvirkjun hefur framleitt frá upphafi**

**Sundlaug
byggð 2004**

**Hér hafa ekki byggst
upp samkeppnishæf
búsetuskilyrði**

**Skóli
byggður 1984**

**Félagsheimili
byggt 1970**



Hvammsvirkjun – fyrsta stórvirkjunin á Íslandi í byggð

- Áætlaður kostnaður allt að 70 miljarðar.
- Tekjur Skeiða- og Gnúpverjahrepps af fasteignagjöldum = 0 kr.
- Fjöldi starfa á svæðinu til framtíðar tengt Hvammsvirkjun = 1-2



Það sjá það allir að svona getur þetta ekki verið !

**Tekið úr bókun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps
frá 15. Febrúar 2023.**

Tölulegar staðreyndir sýna fram á það að nærsamfélagið nýtur mjög takmarkaðs ávinnings af orkuframleiðslunni á meðan efnahagslegur ávinningur kemur fram þar sem orkan er nýtt. Sú staðreynd gerir það að verkum að **orkuvinnsla í sveitarfélaginu þjónar ekki hagsmunum þess til framtíðar í óbreyttri mynd.**

Horfum til baka – af hverju er þetta svona ?

- Sogstöðvarnar voru fullvirkjaðar 1963 (91MW) – það vantaði meiri orku
- Til þess að byggja upp raforkukerfið þurfti stóra virkjun.
- Búrfellsvirkjun var áætluð 210 MW – fyrsta stórvirkjun á Íslandi
- Orkan þurfti að vera ódýr svo það fengist kaupandi að mikilli orku.
- Stór notandi var forsenda fyrir svo stórri virkjun sem Búrfell er.
- Lög um Landsvirkjun voru sett árið 1965 og Landsvirkjun stofnuð.
- Svona hljómaði 17.gr. reglugerðar um Landsvirkjun

Landsvirkjun er undanþegin tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána, sem fyrirtækið tekur, eða vegna eignaafsala til fyrirtækisins, útsvari, svo og öðrum gjöldum til sýslusjóða og sveitarfélaga. Þó skal Landsvirkjun greiða til sveitarfélaga þau opinberu gjöld sem þeim er gert að greiða af húseignum Landsvirkjunar skv. öðrum lagafyrirmælum.

Tekið úr skýrslu um Vindorku, valkostir og greining:

Undanþága raforkumannvirkja frá fasteignamati hefur lengi verið lögbundin í íslenskum rétti. Í skýringum frumvarps er varð að lögum 28/1963 um fasteignamat og fasteignaskráningu segir í athugasemdum við 11. gr. að þessum eignum sem njóta undanþágu sé **„yfirleitt ætlað að gegna þjóðfélagslegu þjónustuhlutverki og er ekki til þeirra stofnað sem arðbærra fyrirtækja“**. Upphaflega voru undanþágur frá fasteignamati tengdar undanþágum frá greiðslu fasteignagjalda, en þegar síðarnefndu undanþágurnar voru felldar úr gildi urðu undanþágur frá fasteignamati eftir í gildi.

Tekið úr skýrslu um Vindorku, valkostir og greining:

Með setningu nýrra raforkulaga árið 2003 urðu hins vegar nokkrar meginbreytingar á lagaumgjörð íslensks raforkumarkaðar. Raforkulög, 65/2003, fjalla um vinnslu, dreifingu, flutning og sölu raforku. Í greinargerð við frumvarpið kom m.a. fram að ætlunin væri „**að skilja í sundur náttúrulega einkasölupætti raforkukerfisins (flutning og dreifingu) og þá þætti þar sem samkeppni verður við komið (vinnslu og sölu)**“. Fram kemur í 1. gr. laganna að þeim sé ætlað að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og **efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu.**

Íslenski raforkumarkaðurinn var með lögunum að meginstefnu til færður yfir í markaðsumhverfi eins og gildir í grannríkjum okkar.

Það eru 20 ár síðan orkuiðnaður varð að samkeppnismarkaði

- Orkuiðnaður er eina atvinnugreinin sem hefur undanþágu frá sköttum til sveitarfélaganna vegna undanþágu í lögum frá 1963. Undanþágan er enn óbreytt þrátt fyrir að allar aðrar undanþágur frá sköttum gagnvart ríkisvaldinu hafa verið afnumdar.
- **Forsenda undanþágunnar var að orkumannvirki gegna þjóðfélagslegu þjónustuhlutverki og ekki var til þeirra stofnað sem arðbærra fyrirtækja“.**
- Rammaáætlun ákveður hvaða virkjanakostir fara í orkunýtingarflokk og er hún bindandi við gerð skipulagsáætlana. Sveitarstjórnir skulu samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og orkunýtingaráætluninni.

Hvaða tekjur fá sveitarfélög sem hafa orkuvinnslu í sínu nærumhverfi ?

- **Útsvar**

- Stærsti hluti starfa við orkuvinnslu á sér stað á höfuðborgarsvæðinu, ekki í nærumhverfi orkuvinnslu. Því eru takmarkaðar tekjur að skila sér til sveitarfélaganna með orkumannvirki í gegnum útsvar.

- **Störf: Landsvirkjun 7 starfsmenn af 285 / 2,5%**

- **Fasteignagjöld**

- 95% orkumannvirkja eru undanþegin fasteignasköttum og því takmarkaðar tekjur að skila sér til sveitarfélaganna.

- **Orkuvinnsla skilar því mjög litlum ábata í sitt nærumhverfi þar sem sveitarfélögin fá ekki tekjur í gegnum lögbundna tekjustofna sína.**

Hvernig er þetta í öðrum löndum ?

Tekið úr skýrslu um Vindorku, valkostir og greining:

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið fékk Vífil Karlsson og Kjartan Brodda Bragason hjá háskólanum á Bifröst til að greina hverjar skatttekjur yrðu af rekstri íslenskra orkufyrirtækja ef reglum Noregs um tekjuskatt fyrirtækja, fasteignaskatt og sérstaka skatta sem lagðir eru þar á orkufyrirtæki yrði beitt hér. **Þar kom fram að skattlagning yrði þreföld á við það sem er hérlendis**, miðað við árin 2018 til og með 2021, eða 13,6% rekstrartekna þessara fyrirtækja í stað 4,3%. **Ljóst er að slík hækkun myndi hafa áhrif á arðgreiðslugetu orkufyrirtækja.**

Einnig kemur fram í skýrslunni að skatttekjur ríkisins hefðu hækkað um 36% ef norskum reglum væri beitt, **en skatttekjum sveitarfélaga um rúmlega 800%.**

Ef reglum Noregs um tekjuskatt fyrirtækja, fasteignaskatt og sérstaka skatta sem lagðir eru þar á orkufyrirtæki yrði beitt hér myndu **skatttekjur sveitarfélaga af orkuvinnslu hækka um rúmlega 800%**.

Hvernig getur orkuiðnaður orðið góður kostur fyrir sveitarfélög ?

Ekki er ásættanlegt að orkuiðnaður í samkeppnisumhverfi njóti undanþágu frá sköttum sveitarfélaga.

Tryggja þarf með lögum að nærumhverfi orkuvinnslu njóti efnahagslegs ávinnings og tekjur skili sér í gegnum lögbundna tekjustofna sveitarfélaga.

Breyta þarf raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.

Helstu niðurstöður starfsnefndar

Nærsamfélag orkuvinnslu

Nærsamfélag orkuvinnslu er það landsvæði er verður fyrir beinum og óbeinum áhrifum af orkuvinnslu, þar á meðal landsvæði undir megin flutningskerfi raforku.

Öll mannvirki og stöðug áhrif er takmarkaða aðra notkun á landsvæði flokkast sem bein áhrif en óbein áhrif geta verið t.d. sjónræn, jarðhræringar eða áhrif á landnotkun og vatnasvæði.

Tekjuskipting nærsamfélagsins af orkuvinnslu

Skipta þarf tekjum nærsamfélagsins af orkuvinnslu milli þeirra er verða fyrir beinum áhrifum, óbeinum áhrifum og til nærsamfélags megin flutningskerfis raforku.

Eðlilegt er að stærsti hlutinn fari til nærsamfélags er verður fyrir beinum áhrifum og nokkuð jöfn hlutföll séu milli þess svæðis er verður fyrir óbeinum áhrifum og til nærsamfélags flutningskerfisins.

Tekjustofnar nærsamfélagsins af orkuvinnslu


Tekjustofnar nærsamfélagsins af orkuvinnslu ætti að vera blönduð leið af fasteignasköttum og auðlindarentu sem hægt er að útfæra t.d. sem ákveðið gjald af framleiðslugetu eða hlutdeild í framleiðslu.

Samhliða því er nauðsynlegt að breyta lögum svo aukin hluti mannvirkja tengd orkuvinnslu séu skráð til fasteignamats og andlag fasteignaskatts.

Tryggja þarf einnig að nærsamfélag megin flutningskerfi raforku sé tryggð hluti af tekjum.

Samstaða orkusveitarfélaga

Nærsamfélag orkuvinnslu á ekki og getur ekki fórnað sinni náttúru og auðlindum án þess að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslunni.



Takk fyrir

